

Nd.

91. Frumvarp til laga

[83. mál]

um lántökuheimildir erlendis.

(Lagt fyrir Alþingi á 96. löggjafarþingi, 1974.)

1. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að taka erlent lán, að fjárhæð allt að 2 120 millj. króna, eða jafnvirði þeirrar fjárhæðar í erlendum gjaldeyri.

2. gr.

Andvirði lánsins skal endurlánað eða ráðstafað þannig:

1. Til Framkvæmdasjóðs Íslands 800 millj. krónur.
2. Til Landsvirkjunar, vegna virkjunarframkvæmda við Sigöldu, 474 millj. kr.
3. Til vegagerðar 496 millj. krónur.
4. Til framkvæmda í orkumálum 350 millj. krónur.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Ráðgert er að taka erlent lán, að upphæð allt að 18,2 millj. bandaríkjadala eða jafnvirði þeirra í evrópskri reikningseiningu. Lánið verður boðið út á veðbréfa- markaði erlendis og er ekki endanlega ákveðið, hver lánsfjárhæðin verður. Lántökuheimildir er að finna í ýmsum lögum, en rétt þykir að sýna á einum stað þessar lántökur og ráðstöfun lánsfjárins.

Fyrirhugað er að ráðstafa láni því, sem hér um ræðir, svo sem hér segir:

- a. Til Framkvæmdasjóðs Íslands allt að 800 millj. kr. (tæplega \$ 6.8 millj.) til endurlána vegna fjáröflunar- og framkvæmdaáætlana árið 1974. Lánið er tekið á grundvelli 22. gr. laga nr. 93 frá 24. desember 1971 um Framkvæmdastofnun ríkisins. Fé þessu hefur þegar verið ráðstafað og hefur Seðlabankinn veitt Framkvæmdasjóði bráðabirgðalán í þessu sambandi, að fjárhæð um \$ 3,7 millj. (443 millj. kr.)
- b. Til Landsvirkjunar, vegna virkjanaframkvæmda við Sigöldu, um 474 millj. kr., á grundvelli laga nr. 59 frá 10. maí 1974. Seðlabankinn hefur þegar veitt ríkissjóði bráðabirgðalán í þessu sambandi, að fjárhæð \$ 4 038 753.16 (474 millj. kr.).
- c. Vegna vegagerðar um 496 millj. kr. Ríkissjóður hefur þegar ráðstafað sömu fjárhæð til vegafamkvæmda umfram fjárlög og vegaáætlun.
- d. Til annarra framkvæmda í samræmi við áætlun um lánsfjáröflun til opinberra framkvæmda á þessu ári. Heimildir eru fyrir hendi í lögum nr. 37 frá 8. maí 1974 um lántökuheimildir erlendis.